

## 65. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 4. mars 2009, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 13. febrúar 2009
  2. Bréf frá Flugstoðum dags. 25. febrúar 2009
  3. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu dags. 17. febrúar 2009
  4. Erindi frá Jóni Gíslasyni dags. 20. febrúar 2009
  5. Erindi vegna sorpförgunargjalda:
    - a) Ístex hf.
    - b) Húnabókhald ehf.
    - c) Allt í plús – bókhald ehf.
  6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 16. febrúar 2009
  7. Samþykkt um gagnagerðargjald í þéttbýli Blönduósbæjar
  8. Atvinnumál
  9. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 13. febrúar 2009  
*Í lið 8 í fundargerðinni er vakin athygli á auglýsingu iðnaðarráðuneytisins um styrki til uppbyggingar í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Ráðuneytið hefur ákveðið að veita 100 milljónum króna af byggðaaætlun 2006-2009 til þessara styrkja. Einn flokkurinn er nýsköpun í ferðaþjónustu, en varið verður 70 m.kr. til uppbyggingar á nýjum svæðum, þróun á nýrri vöru eða þjónustu er styrkir viðkomandi svæði sem ferðamannastað.*
- Lögð fram til kynningar.*
2. Bréf frá Flugstoðum dags. 25. febrúar 2009  
*Flugstoðir hafa tilkynnt um sparnaðarráðstafanir á flugvöllum landsins. Með bréfinu vill Flugstoðir koma á framfæri eftirfarandi breytingu á þjónustustigi Blönduósflugvallar en áætlunin gildir fyrir árið 2009:  
**„ Í marsmánuði verður hætt rekstri á aðflugshallaljósum, radíovita og markvita flugvallarins. Áfram verður þó hægt að nota flugvöllinn og búnað hans í samráði við Flugstoðir. Fyrirhugað er að ræða málefni flugvallarins nánar við hagsmunaðila og sveitarstjórn“***

*Bæjarráð Blönduósbæjar vill bóka eftirfarandi:*

*„Bæjarráð mótmælir harðlega áformum Flugstoða um niðurskurð á rekstri flugvallar á Blönduósi. Flugvöllurinn gegnir þýðingarmiklu hlutverki í ferðaþjónustu, einkaflugi og áformum um uppbyggingu iðnaðar í Austur-Húnvatnssýslu. Með þessum niðurskurði er verið að skerða nauðsynlegt sjúkra- og öryggisnet fyrir íbúa sýslunnar en fullljóst er að flugvöllurinn getur engan vegið þjónað sjúkraflugi né öðru flugi gangi þessar tillögur eftir.“*

**3. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu dags. 17. febrúar 2009**

*Með bréfi þessu er ráðuneytið að gefa sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta. Með bréfi dags. 24. febrúar sendi Blönduósbær umsókn sína með greinargerð til ráðuneytisins.*

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Erindi frá Jóni Gíslasyni dags. 20. febrúar 2009**

*Þann 7. mars n.k. munu húnvetniskir hestamenn og hestamannafélög standa fyrir Ís – Landsmóti á Svínavatni. Óskað er eftir að Blönduósbær styrki mótið.*

*Bæjarráð styrkir mótið um kr. 50.000.*

**5. Erindi vegna sorpförgunargjalda:**

**a) Ístex hf.**

*Samþykkt að taka saman upplýsingar vegna breytinga á gjöldum og að boða fulltrúa þeirra á fund eins og þeir óska eftir í erindi sínu.*

**b) Húnaþókhald ehf.**

*Samþykkt að breyta álagningu úr c-gjaldi í b-gjald þar sem umfang starfsseminnar er nær þeim gjaldflokki.*

**c) Allt í plús – bókhald ehf.**

*Meginreglan er sú að öll starfsemi sem felur í sér úrgang eigi að bera þann kostnað. Allt í plús er sérstakur lögaðili og starfssemin hefur það í för með sér að til fellur úrgangur samanber það sem fram kemur í erindinu. Því eru ekki forsendur til þess að fella niður gjaldið og er erindinu hafnað.*

**6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 16. febrúar 2009**

*Boðað er til XXIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 13. mars n.k.*

*Fulltrúi bæjarins Valgarður Hilmarsson sækir landsþingið.*

**7. Samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli Blönduósbæjar**

*Bæjarstjóri kynnti drög að nýrri samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli Blönduósbæjar.*

*Miklar umræður urðu um samþykktirnar. Bæjarráð vísar samþykktunum til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

**8. Atvinnumál**

*Miklar umræður urðu um atvinnumál.*

**9. Önnur mál**

**a) Háskólasetur á Blönduósi**

*Bæjarráð fagnar stofnun Háskólasetur á Blönduósi í samstarfi við Háskólann á Hólum með undirritun samstarfssamnings í dag. Háskólasetrið verður með aðsetur í Kvennaskólanum á Blönduósi. Með stofnun setursins er stigið stórt skref í átt að frekari uppbyggingu þekkingarseturs á Blönduósi og endurbóta á húsnæði Kvennaskólans. Auglýst verður eftir tveimur starfsmönnum setursins á næstunni.*

**b) Bréf frá Siglingastofnun Íslands dags. 4. mars 2009**

Í undirbúningi er útboð á um 210 m löngum sjóvarnargarði neðan Brekkubyggðar. Óskað er eftir að Blönduósbær staðfesti að Siglingastofnun hafi heimild til að fara í framkvæmdina.

Bæjarráð staðfestir heimild til að fara í útboð með sjóvarnargarð neðan Brekkubyggðar.

Erindinu vísað að öðru leyti til umsagnar skipulags-, veitu- og bygginganefndar.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 19:20*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)  
Kári Kárason (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*